

Ákveðið að leggja 25 milljónir í Lækningaminjasafn



Ólafur Þór Ævarsson í pontu á aðalfundi LR.

Á aðalfundi Læknafélags Reykjavíkur var samþykkt að félagið legði allt að 25 milljónir króna til byggingar lækningaminjasafns í Nesi við Seltjörn. Í samþykkt fundarins er kveðið svo á að upphæðin verði aldrei hærri en sú upphæð sem Læknafélag Íslands kann að leggja fram í sama skyni. Framlagið er háð því skilyrði að Seltjarnarnesbær gangist fyrir uppbyggingu og rekstri lækningaminjasafnsins með þátttöku ríkissjóðs lögum samkvæmt.

Á fundinum urðu líflegar umræður um þessa tillögu en að lokum var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Talsverður tími fundarins fór í lagabreytingartillögur og kynnti Ólafur Þór Ævarsson tillögur lagabreytinganevndar. Voru allar tillögur samþykktar samhljóða þó nokkrar umræður yrðu um orðalag einstakra greina og í stöku tilfellum voru gerðar lagfæringar samkvæmt því áður en breytingin var endanlega samþykkt.

Við stjórnarkjör var farið eftir nýju lögunum og stjórnarmönnum fækkað úr tólf í níu. Úr stjórn gengu þrír og þrír nýir meðstjórnendur voru kjörnir: Þorbjörn Jónsson, Halla Skúladóttir og Elínborg Guðmundsdóttir.

Í afmælisnefnd félagsins vegna 100 ára afmælis LR 2009 voru kosin Ólafur Þór Ævarsson formaður, Óskar Einarsson, Gestur Þorgeirsson, Högni Óskarsson, Magni Jónsson, Halla Skúladóttir, Friðný Jóhannsdóttir, Elínborg Guðmundsdóttir, Hildur Svavarsdóttir og Anna K. Jóhannsdóttir.

Þá var tilkynnt að Þorkell Bjarnason röntgenlæknir hefði verið valinn heiðursfélagi LR og verður honum afhent viðurkenningarskjal á árhátíð LR 2008.

Fundargerð og ályktanir má sjá á heimasíðu LR, www.lis.is


Hávar
Sigurjónsson

Vorfundur ritstjórnar á Búðum



Ritstjórn Læknaþlaðsins ásamt starfsmönnum blaðsins hélt vorfund á Hótel Búðum þann 20. apríl. Á fundinum var farið yfir vinnuferla varðandi frágang og skil á greinum í blaðið og er þar stuðst við reglur Vancouverhópsins frá 1998 og einnig tekið mið af reglum danska læknaþlaðsins. Auk þess hefur Læknaþlaðið sett sér eigin reglur um lengd og frágang greina sem felldar hafa verið inn í þær heildarreglur sem ritstjórn hefur komið sér saman um. Rétt er að taka fram að ritstjórn á hverjum tíma hefur svigrúm til að setja sér vinnureglur og hefur sú ritstjórn sem nú starfar lagt talsverða vinnu í að gera þær sem skýrastar og aðgengilegastar.

Að öðru leyti eru ritstjórnarfundir haldnir mánaðarlega í kjölfar útkomu hvers blaðs þar sem farið er yfir nýútkomið blaðið og lagðar línur að því næsta.



Karl Andersen, Engilbert Sigurdsson og Tómas Guðbjartsson eru einbeittir á svip yfir vinnureglum Læknaþlaðsins.

Ritstjórnarfulltrúinn Védis Skarphéðinsdóttir gerir tillögur að hámarks lengd og frágangi greina í blaðið.